

## Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 6. júní, í Hnyðju, Hólmavík

Mætt: Sigurður Marinó Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, Finnur Ólafsson (í síma), Sigríður Jónsdóttir og Þorgeir Pálsson stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri setti fundinn kl 14.11 og bauð fundarmenn velkomna. Framkvæmdastjóri kannaði lögmæti fundarins. Engar athugasemdir.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi

### 1. Kjör fundarstjóra og ritara

Framkvæmdastjóri leggur til að hann stýri fundi og að Þorgeir Pálsson riti fundargerð. Hvoru tveggja samþykkt.

### 2. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri las upp skýrslu framkvæmdastjóra og stjórnar. Kom þar fram hvaða áhrif ný lög um sorphirðu hafa á starfsemi Sorpsamlagsins. Kom framkvæmdastjóri sérstaklega inn á fjárfestingabörf, kynningarmál til íbúa og fyrirhugaðan íbúafund.

Eins kom fram aukin starfsmannaþörf til að mæta auknu á lagi. Framtíðin er hins vegar björt og verulegir tekjumöguleikar til staðar.

Einnig las framkvæmdastjóri minnisbað frá framkvæmdastjóra til stjórnar. Kom þar einnig fram skýr fjárfestingabörf, t.d. vegna umsvifa í Árneshreppi og eins vegna aukinna umsvifa á Nauteyri.

Heildar fjárfestingabörf er metin á 20.5 milljónir, sem framkvæmdastjóri metur sem tekjumyndandi fjárfestingar. Sorpsamlagið geti stækkað og skapað auknar tekjur.

Finnur tók til máls og gerir ekki athugasemdir við skýrslu stjórnar, en spyr um þjónustu við fyrirtæki og atvinnulíf. Framkvæmdastjóri svarar því til að aukin áhersla verði lögð á að þjónusta atvinnulíf þegar ákveðnir þættir skýrst, eins og t.d. meðhöndlun lífræns úrgangs.

Framkvæmdastjóri bar skýrslurnar því næst undir fundinn. Báðar samþykktar samhljóða.

### 3. Staðfesting ársreiknings

Framkvæmdastjóri gaf stjórnarformanni orðið. Formaður rakti helstu tölur. Finnur tók til orða og spurði um kostnað við fyrirkomu lag starfsmannamála félagsins. Formaður svaraði því þannig til að ekki væri til kostnaðargreining, en hagræði af því að starfsmenn séu starfsmenn eignasjóðs Strandabyggðar sé talsvert. Finnur ítrekaði ósk minni hluthafa um virkari upplýsingamiðlun um reksturinn.

Framkvæmdastjóri bar því næst ársreikninginn undir fundinn sem staðfesti ársreikninginn.

#### 4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar/taps

Framkvæmdastjóri vísaði í fundargerð síðasta stjórnarfundar Sorpsamlagsins, en þar lagði stjórn til að sveitarfélögini greiddu tapið upp í hlutfalli við eignarhlut. Sveitarstjórnir hluthafa hafa síðan tekið málið fyrir og staðfest tillögu stjórnar.

Tap fært á næsta ár. Tapið greitt upp samkvæmt tillögu stjórnar og staðfestingu sveitarstjórna.

Framkvæmdastjóri lagði þetta fyrirkomulag fyrir fundinn. Samþykkt samhljóða.

#### 5. Kjör stjórnar og endurskoðanda félagsins

Tillaga stjórnar er óbreytt stjórn. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri lagði til að KPMG yrði áfram endurskoðandi félagsins. Samþykkt samhljóða.

#### 6. Tillaga stjórnar um hækjun á mánaðarlegu framlagi aðildarsveitarfélaga

Framkvæmdastjóri vísaði aftur til fundargerðar síðasta stjórnarfundar félgsins og minnisblað og skýrslu stjórnar. Framlög hafa ekki hækkað undanfarin ár og því lagði stjórn til 25% hækjun. Umræða spannst um þá stöðu að ef hagnaður yrði af rekstrinum, yrði honum ráðstafað eins og best þætti á þeim tímapunkti.

Framkvæmdastjóri bar tillöguna undir fundinn; samþykkt samhljóða. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna hlutaðeigandi.

#### 7. Önnur mál.

##### a. Tillaga frá Evi Sigurbjörnsdóttur:

„Að Árneshreppur hafi áheyrnarfulltrúa með málfrelsi á stjórnarfundum“.

Framkvæmdastjóri, sem hefur verið talsvert í sambandi við fulltrúa Árneshrepps undanfarið, tók undir þessa tillögu. Aðrir fundarmenn gerðu það einnig.

Framkvæmdastjóri bar tillöguna undir fundinn. Samþykkt samhljóða, með þeim fyrirvara að fyrirkomulagið stangist ekki á við samþykktir félagsins.

##### b. Gestur fundarins. Stefán Gíslason. Stefán rakti möguleika varðandi svokallaðar botnlangastöðvar. Sýndi hann tvær útfærslu sem verða skoðaðar. Einnig ræddi hann um meðhöndlun lífræns úrgangs. Í samþykktum um lífrænan úrgang geta sveitarfélög fest vissar leiðir í sessi. Framkvæmdastjóri þakkaði Stefáni vel fyrir hans kynningu.

Fleira ekki rætt. Ritara falið að klára fundargerð í samráði við framkvæmdastjóra og senda fundargerðina til rafrænnar undirskriftar.

Fundi slitið kl 15:44.

Þorgeir Pálsson, fundarritari.